

## Lágtekjumörk og tekjudreifing 2010

### *Risk of poverty and income distribution 2010*

*Samantekt* Samkvæmt lífskjararannsókn Hagstofunnar 2010 var Gini-stuðullinn 25,7. Gini-stuðullinn sýnir dreifingu ráðstöfunartekna meðal landsmanna á einkaheimilum. Stuðullinn væri 100 ef einn maður væri með allar tekjurnar en 0 ef allir hefðu jafnar tekjur. Gini-stuðullinn fór hækkandi frá 2005 til 2009 en lækkar árið 2010.

Fimmtungastuðullinn lækkar einnig en með honum eru bornar saman tekjur þeirra 20% tekjuhæstu og þeirra 20% tekjulægstu. Árið 2010 er fimmtungastuðullinn 3,6 en var 4,2 árið áður. Tekjuhæsti fimmtungurinn hefur því 3,6 sinnum hærri tekjur en tekjulægsti fimmtungurinn.

Af 29 Evrópuþjóðum var Ísland í 17. sæti í samanburði á Gini-stuðlinum og í 12. til 14. sæti í samanburði á fimmtungastuðlinum. Evrópski samanburðurinn er fyrir árið 2009 en ekki 2010 þar sem nýrri tölur eru ekki aðgengilegar fyrir önnur Evrópulönd. Árið 2009 var Ísland með næst lægsta lágtekjuhlutfallið meðal Evrópuþjóða. Lágtekjuhlutfallið á Íslandi hefur verið mjög stöðugt á tímabilinu 2005 til 2010.

Á árunum 2005 til 2010 voru um það bil 10% þeirra sem bjuggu á einkaheimilum fyrir neðan lágtekjumörk (e. *at risk of poverty*) eins og þau eru skilgreind í lífskjararannsókn Evrópusambandsins. Lágtekjumörkin voru 156.900 kr. í ráðstöfunartekjur á mánuði fyrir einstakling sem bjó einn árið 2010 en 329.500 kr. fyrir tvo fullorðna með tvö börn. Á árabílinu 2005 til 2009 hækkaði krónutala lágtekjumarka ár frá ári en lækkar nú í fyrsta sinn árið 2010.

Hlutfall þeirra sem voru undir lágtekjumörkum árið 2010 var hæst í aldurshópnum 18 til 24 ára, 16,1% og þar stóðu konur verr að vígi en karlar því 19% kvenna í þessum aldurshópi voru fyrir neðan lágtekjumörk en 13,4% karla. Hlutfall þeirra sem voru undir lágtekjumörkum var lægst hjá fólki í tveimur elstu aldurshópnum. Hjá 50–64 ára var það 4,8% og hjá 65 ára og eldri var það 4,6%.

Þeir sem bjuggu einir eða voru einir með börn voru í mun meiri hættu á að lenda fyrir neðan lágtekjumörk en þeir sem bjuggu á annars konar heimilum. Það sama gildir um þá sem bjuggu í leiguhúsnæði samanborið við þá sem bjuggu í eigin húsnæði. Þegar horft er til menntunar þeirra sem voru starfandi voru þeir sem hafa háskólapróf í minnstri hættu á að lenda undir lágtekjumörkum eða tæp 3%.



## Inngangur

*Lífskjararannsókn Hagstofunnar er hluti af samræmdri rannsókn ESB, EU-SILC.*

Lífskjararannsókn Hagstofunnar er hluti af samræmdri lífskjararannsókn Evrópusambandsins (EU-SILC). Meginmarkmið rannsóknarinnar er að greina lágtekjuhópa og hópa sem er hætt við félagslegri einangrun. Í rannsókninni er bæði aflað upplýsinga um einstaklinga og heimili og gengið er út frá ráðstöfunartekjum heimila þegar efnahagsleg staða fólks er metin.

Við hönnun lífskjararannsóknarinnar var lagt upp með að nýta sem best kosti úrtakskannana og upplýsinga úr stjórnsýsluskrá, en sneiða jafnframt hjá göllunum. Upplýsingar um tekjur eru fengnar úr skattskrá sem gefa áreiðanlegri upplýsingar um tekjur en úrtakskannanir. Aðrar upplýsingar um heimilismenn eru fengnar með símaviðtali sem gefur betri upplýsingar um þá sem búa á heimilum en opinberar skrár geta gert.

Í þessu hefti er fjallað um rannsóknirnar sem gerðar voru árin 2005 til 2010 en upplýsingar um tekjur koma úr skattskrá ársins á undan.<sup>1</sup> Í skýringum aftast má sjá túlkun á aðferðum og hugtökum. Skýringarnar eru númeraðar og verður vísað í þau númer eftir því sem við á.

*Svarhlutfall var 76% og svör fengust frá 8.840 einstaklingum á 3.021 heimili árið 2010.*

Úrtak lífskjararannsóknarinnar 2010 var 4.218 heimili. Eftir að þeir sem eru látnir og búsettir erlendis hafa verið dregnir frá var nettó úrtakið 3.968 heimili. Svör fengust frá 3.021 þessarra heimila sem er 76% svarhlutfall. Á þessum heimilum fengust upplýsingar um 8.840 einstaklinga. Lífskjararannsóknin var framkvæmd í mars til maí árið 2010.

### Tafla 1. Fjöldi þátttakenda og svarhlutfall

Table 1. Number of participants and response rate

	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Svarhlutfall, % <i>Response rate, %</i>	75	73	74	73	73	76
Heildarúrtak <i>Total sample</i>	4.018	4.033	4.041	4.029	4.144	4.218
Heimili utan þýðis <i>Households out of scope</i>	121	152	139	90	172	250
Heimili í þýði <i>Households in scope</i>	3.897	3.881	3.902	3.939	3.972	3.968
Heimili sem tóku þátt <i>Households responding</i>	2.928	2.845	2.872	2.887	2.903	3.021
Neituðu <i>Refused</i>	525	593	583	618	556	476
Fjarverandi <i>Absent</i>	354	381	361	376	462	412
Ófær um að svara <i>Unable to respond</i>	55	28	44	45	46	55
Annað brottfall <i>Other nonresponse</i>	35	34	42	13	5	4
Fjöldi heimilismanna 16 ára og eldri <i>Household members 16 or older</i>	6.670	6.521	6.567	6.618	6.521	6.790
Heildarfjöldi heimilismanna <i>Total number of household members</i>	8.840	8.598	8.655	8.644	8.545	8.840

<sup>1</sup> Könnunin var fyrst framkvæmd árið 2004 og má nálgast talnaefni úr öllum könnunum á vefsíðu Hagstofu Íslands: <http://www.hagstofa.is/Hagtalur/Laun,-tekjur-og-vinumarkadur/Tekjudreifing>.

## Helstu niðurstöður

Gini-stuðullinn var 25,7 árið 2010 en 29,6 árið áður.

Gini-stuðullinn sýnir hvernig heildartekjur samfélagsins dreifast meðal landsmanna. Gini-stuðullinn væri 100 ef allar tekjur tilheyrðu sama einstaklingi en aðrir hefðu ekkert. Stuðullinn væri 0 ef allir hefðu jafnar tekjur. Gini-stuðullinn á Íslandi fór hækkandi á árabílinu 2005 til 2009 en fellur niður í 25,7 árið 2010 sem er svipað og hann var árin 2005 og 2006.

### Tafla 2. Gini-stuðull, fimmtungastuðull og lágtekjuhlutfall

Table 2. Gini index, income quintile share ratio and the at-risk-of-poverty rate

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2010	
							Vik- mörk CI	Áætlaður fjöldi Estimated number
Gini-stuðull								
<i>The Gini index</i>	25,1	26,3	28,0	27,3	29,6	25,7	± 1,1	303.300
Fimmtungastuðull								
<i>Income quintile share ratio</i>	3,5	3,7	3,9	3,8	4,2	3,6	± 0,2	121.300
Hlutfall undir lágtekjumörkum								
<i>The at-risk-of-poverty rate</i>	9,7	9,6	10,1	10,0	10,2	9,8	± 1,2	29.800

**Skýringar** Notes: Í samræmi við vinnubrögð hagstofu Evrópusambandsins, Eurostat, miðast ártölin í töflunni við könnunarár, það ár sem lífskjararannsóknin er framkvæmd. Upplýsingar um tekjur koma úr skattskrár ársins á undan. According to Eurostat procedures the years of the table refer to the survey year, the year the survey was implemented. The income reference period is the previous tax year.

Tekjuhæsti fimmtungurinn var með 3,6 sinnum hærri tekjur en sá tekjulægsti.


Fimmtungastuðullinn gefur til kynna að þeir sem tilheyrðu tekjuhæsta fimmtungnum í lífskjararannsókninni 2010 höfðu 3,6 sinnum hærri ráðstöfunartekjur á neyslueiningu (skýring 5) en þeir sem tilheyrðu tekjulægsta fimmtungnum. Fimmtungastuðullinn árið 2009 var 4,2.

Lágtekjuhlutfallið á Íslandi hefur verið stöðugt á tímabilinu 2005 til 2010, eða í kringum 10%.

Lágtekjuhlutfall (e. *at-risk-of-poverty rate*) er það hlutfall einstaklinga á einkaheimilum sem hefur lægri ráðstöfunartekjur á neyslueiningu (skýring 5) en lágtekjumörk. Lágtekjumörk í hverju landi eru skilgreind af Evrópusambandinu sem 60% af miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu í landinu. Þannig eru þeir einstaklingar undir lágtekjumörkum sem hafa lægri ráðstöfunartekjur á neyslueiningu en 60% af miðgildi. Árið 2010 var lágtekjuhlutfallið á Íslandi 9,8%. Hlutfallið hefur verið í kringum 10% frá árinu 2005 og er því mun stöðugara en bæði Gini- og fimmtungastuðullinn.

### Mynd 1. Breytingar á Gini-stuðli, fimmtungastuðli og lágtekjumörkum

Figure 1. Changes in the Gini index, quintile share ratio and at-risk-of-poverty rate



Mynd 1 sýnir hvernig Gini-stuðull, fimmtungastuðull og lágtekjumörk hafa breyst í prósentum á árabílinu 2004 til 2010. Allir stuðlarnir fengu gildið 100 fyrir upphafsár könnunarinnar, 2004 og prósentubreytingar voru reiknaðar út frá því. Þá sést að lágtekjumörkin eru stöðugasti stuðullinn og liggja nálægt 100 allt tímabilið en Gini-stuðullinn og fimmtungastuðullinn eru sveiflukenndari. Þessir tveir stuðlar fylgja nánast alveg sama ferlinu enda eru það sömu hóparnir, þeir tekjuhæstu og þeir tekjulægstu sem hafa mest áhrif á báða stuðlana. Hjá báðum stuðlunum er gildið fyrir 2010 jafnt meðaltali árána 2005 og 2006.

## Mynd 2. Gini-stuðullinn, evrópskur samanburður 2009

Figure 2. The Gini index, European comparison 2009



**Skýringar** Notes: Sjá töflu 2. Upplýsingar fyrir Króatíu eru frá árinu 2008. Cf. table 2. Information for Croatia is from 2008.

**Heimild** Source: Hagstofa Evrópusambandsins. Eurostat.

Ísland hafði hærri Gini- og fimmtungastuðul en aðrar Norðurlandþjóðir árið 2009.

Í evrópskum samanburði árið 2009 var Ísland í 17. sæti af 29 þegar löndunum er raðað frá lágsta Gini-stuðlinum til þess hæsta. Allar hinar Norðurlanda-þjóðirnar hafa lægri Gini-stuðul en Ísland. Í lífshjararannsókninni 2009 var stuðullinn lægstur 22,7 hjá Slóvenum. Þar á eftir komu Norðmenn og Ungverjar.

Af töflu 17 sem sýnir alþjóðlegan samanburð fyrir árin 2005 til 2009 má sjá að Ísland hefur heldur færst niður í röðinni í samanburði við aðrar þjóðir þegar litið er á tímabilið í heild, eða úr sæti 2 til 3 í það 17. Hafa ber í huga að þjóðum sem taka þátt í evrópsku lífshjararannsókninni hefur fjölgað úr 18 í 29 á tímabilinu.

### Mynd 3. Fimmtungastuðull, evrópskur samanburður 2009

Figure 3. Income quintile share ratio, European comparison 2009




**Skýringar** Notes: Sjá töflu 2. Upplýsingar fyrir Króatíu eru frá árinu 2008. Cf. table 2. Information for Croatia is from 2008.

**Heimild** Source: Hagstofa Evrópusambandsins. Eurostat.

Þegar fimmtungastuðull Íslands er borinn saman við önnur lönd er þróunin svipuð og hjá Gini-stuðlinum (sjá töflu 18). Tekjubilið á Íslandi hefur breikkað heldur meira en í Evrópu almennt á tímabilinu 2005 til 2009. Slóvenía og Noregur voru með lægsta fimmtungastuðulinn árið 2009.

#### Mynd 4. Lágtekjuhlutfall, evrópskur samanburður 2009

Figure 4. At-risk-of-poverty rate, European comparison 2009



**Skýringar** Notes: Sjá töflu 2. Upplýsingar fyrir Króatíu eru frá árinu 2008. Cf. table 2. Information for Croatia is from 2008.

**Heimild** Source: Hagstofa Evrópusambandsins. Eurostat.

Ísland var með næst lægsta lágtekjuhlutfallið í Evrópu árið 2009.

Þróunin er ekki á sama veg þegar lágtekjuhlutfallið á Íslandi er borið saman við önnur Evrópulönd. Lágtekjuhlutfallið á Íslandi er stöðugt sem og röð Íslands meðal annarra Evrópuþjóða þar sem Ísland er ávallt í 1 til 3 sæti (sjá töflu 19).

Á Íslandi virðist þróunin vera á þann veg að fram að efnahagshruni fór tekjubilið breikkandi en efnahagshrunið olli því að aftur dróst saman með þeim tekjuhærri og þeim tekjulægri. Lágtekjuhlutfallið er hins vegar stöðugt og eru áhrif efnahagshruns á það ekki merkjanleg. Þetta bendir til þess að ráðstöfunartekjur hinna tekjuhærri hafi við hrunið lækkað hlutfallslega meira en þeirra sem höfðu lægri tekjur.

#### Lágtekjuhlutfall

Miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu var 261.500 krónur fyrir einstakling sem bjó einn árið 2010.

Í lífsskjararannsókninni 2010 var miðgildi (skýring 2) ráðstöfunartekna á neyslueiningu 261.500 krónur á mánuði en 268.000 krónur árið áður. Þessi tala miðast við einstakling sem býr einn og má segja að hún lýsi ráðstöfunartekjum venjulegs Íslending. Heimili þar sem fleiri búa þurfa hærri tekjur til að hafa sambærileg lífskjör. Þannig þarf t.d. heimili þar sem búa tveir fullorðnir einstaklingar með tvö börn að hafa 549.200 krónur í ráðstöfunartekjur til að hafa sambærileg lífskjör og umræddur einstaklingur sem býr einn (skýring 5).

**Tafla 3. Ráðstöfunartekjur á neyslueiningu, tíundarhlutar***Table 3. Equivalised disposable income, percentiles*

	Á mánuði <i>Per month</i>						2010	
	2005	2006	2007	2008	2009	2010	Vikmörk <i>CI</i>	Áætlaður fjöldi <i>Estimated number</i>
	10%	104.000	112.400	126.100	141.100	160.400	157.200	± 5.200
20%	125.600	135.600	153.000	172.100	190.600	192.600	± 3.500	60.700
30%	140.900	153.700	172.500	193.700	216.600	215.200	± 3.700	91.000
40%	156.800	168.900	191.300	214.700	238.700	237.600	± 3.900	121.300
50%	171.900	185.500	210.500	235.200	268.000	261.500	± 5.700	151.700
60%	188.200	203.500	233.800	262.000	297.200	289.100	± 5.100	182.000
70%	206.700	225.900	263.500	292.400	330.200	321.200	± 4.900	212.300
80%	236.400	255.700	299.900	332.100	381.200	366.400	± 9.000	242.700
90%	283.200	314.700	375.600	417.600	486.400	453.100	± 15.300	273.000

**Skýringar** *Notes:* Hlutfallstölurnar sýna það hlutfall einstaklinga sem hafa lægri ráðstöfunartekjur á neyslueiningu en upphæðin sem gefin er. Til dæmis eru 50% einstaklinga með lægri ráðstöfunartekjur á neyslueiningu en 268.000 krónur á mánuði árið 2009. *The percentiles show the percentage of persons with lower income than the given amounts. For example 50% of persons have equivalised disposable income which is lower than 268,000 ISK per month in 2009.*

Tafla 3 sýnir ráðstöfunartekjur á neyslueiningu skipt eftir tíundarhlutum. Af töflunni má sjá að í lífskjararannsókninni 2010 voru 10% einstaklinga með ráðstöfunartekjur á neyslueiningu sem voru lægri en 157.200 á mánuði og 90% einstaklinga voru með ráðstöfunartekjur á neyslueiningu sem voru lægri en 453.100 á mánuði.

Lágtekjumörk voru 156.900 krónur í ráðstöfunartekjur á neyslueiningu árið 2010 fyrir einstakling sem bjó einn.

Lágtekjumörk voru 156.900 krónur á mánuði fyrir heimili þar sem einn einstaklingur bjó eða 60% af miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu. Þeir sem bjuggu einir og höfðu lægri ráðstöfunartekjur en 156.900 krónur á mánuði voru þannig fyrir neðan lágtekjumörk samkvæmt skilgreiningunni. Samsvarandi upphæð fyrir heimili þar sem bjuggu tveir fullorðnir og tvö börn yngri en 14 ára var 329.500 krónur á mánuði (skýring 1).

**Tafla 4. Lágtekjumörk, tvö dæmi***Table 4. At-risk-of-poverty threshold (illustrative values)*

Krónur á mánuði <i>ISK per month</i>							Vikmörk <i>CI</i>
	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2010
Einn á heimili <i>One person household</i>	103.200	111.300	126.300	141.100	160.800	156.900	± 3.400
Tveir fullorðnir og tvö börn <i>Two adults and two children</i>	216.700	233.800	265.200	296.300	337.700	329.500	± 7.200

**Skýringar** *Notes:* Sjá töflu 2. *Cf. table 2.*



Lágtekjumörk eru hlutfallsleg eða afstæð samkvæmt skilgreiningu ESB.

Til að árétta það að lágtekjumörkin eru hlutfallsleg eða afstæð samkvæmt skilgreiningu Evrópusambandsins má sjá á töflu 5 hvernig sá hópur, sem fellur fyrir neðan viðmiðunarmörkin, stækkar eða minnkar þegar mörkin eru færð til. Samkvæmt viðmiði Evrópusambandsins voru 9,8% Íslendinga undir lágtekjumörkum árið 2010. Ef lágtekjumörkin eru sett við 50% af miðgildi, líkt og OECD gerir, væru 5,6% fyrir neðan þau. Ef miðað væri við 70% væru 16,5% fyrir neðan mörkin.

**Tafla 5. Hlutfall einstaklinga fyrir neðan lágtekjumörk eftir kyni og ólíkum lágtekjumörkum**

Table 5. Dispersion around the at-risk-of-poverty threshold by gender and different level of thresholds

Viðmið Threshold	Hlutfall Rate						2010	
	2005	2006	2007	2008	2009	2010	Vik-mörk CI	Áætlaður fjöldi Esti-mated number
40%	2,8	2,8	2,2	2,4	2,5	2,9	± 0,7	8.700
Karlur Males	3,2	2,5	2,0	2,7	2,8	3,1	± 0,8	4.700
Konur Females	2,4	3,1	2,4	2,1	2,2	2,6	± 0,8	4.000
50%	5,1	5,3	5,0	4,5	5,0	5,6	± 0,9	16.900
Karlur Males	5,6	5,3	4,9	4,9	5,2	5,8	± 1,1	8.800
Konur Females	4,7	5,2	5,0	4,1	4,8	5,4	± 1,1	8.100
60%	9,7	9,6	10,1	10,1	10,2	9,8	± 1,2	29.800
Karlur Males	9,8	9,1	9,1	9,5	9,3	9,9	± 1,4	15.000
Konur Females	9,6	10,2	11,0	10,7	11,1	9,8	± 1,5	14.800
70%	16,7	17,2	18,0	17,3	19,0	16,5	± 1,5	50.000
Karlur Males	16,1	16,1	16,9	16,6	18,1	15,9	± 1,7	24.000
Konur Females	17,4	18,3	19,1	18,0	20,0	17,1	± 1,8	26.000

Skýringar Notes: Sjá töflu 2. Cf. table 2.

Eins og áður kom fram voru 9,8% landsmanna undir lágtekjumörkum samkvæmt skilgreiningu Evrópusambandsins árið 2010 og verður gengið út frá sömu viðmiðunum hér. Vikmörkin í töflunni sýna þá óvissu sem mælingin hefur í för með sér þar sem um úrtakskönnun er að ræða (skýring 11).

**Tafla 6. Lágtekjuhluftfall eftir aldri og kyni**  
*Table 6. At-risk-of-poverty rate by age and gender*

	Hlutfall <i>Rate</i>						2010	
	2005	2006	2007	2008	2009	2010	Vik- mörk <i>CI</i>	Áætlaður fjöldi <i>Esti- mated number</i>
<b>Allur aldur <i>All ages</i></b>								
Alls <i>Total</i>	9,7	9,6	10,1	10,1	10,2	9,8	± 1,2	29.800
Karlar <i>Males</i>	9,8	9,1	9,1	9,5	9,3	9,9	± 1,4	15.000
Konur <i>Females</i>	9,6	10,2	11,0	10,7	11,1	9,8	± 1,5	14.800
<b>0–17 ára <i>years</i></b>								
Alls <i>Total</i>	10,1	11,6	11,9	11,2	9,9	12,6	± 2,3	10.600
Karlar <i>Males</i>	10,7	11,4	11,1	10,5	9,3	12,5	± 2,7	5.400
Konur <i>Females</i>	9,4	11,7	12,7	11,9	10,5	12,6	± 2,8	5.300
<b>18–24 ára <i>years</i></b>								
Alls <i>Total</i>	16,9	12,8	11,8	12,5	15,7	16,1	± 3,4	4.800
Karlar <i>Males</i>	15,7	9,5	8,3	12,4	11,1	13,4	± 4	2.000
Konur <i>Females</i>	18,1	16,2	15,5	12,6	20,6	19,0	± 5	2.800
<b>25–49 ára <i>years</i></b>								
Alls <i>Total</i>	9,3	9,1	8,8	9,0	9,7	10,0	± 1,6	10.400
Karlar <i>Males</i>	9,0	9,1	8,9	9,6	10,3	10,7	± 2,1	5.600
Konur <i>Females</i>	9,6	9,1	8,7	8,5	9,0	9,3	± 1,9	4.800
<b>50–64 ára <i>years</i></b>								
Alls <i>Total</i>	5,8	4,2	5,5	5,7	6,6	4,8	± 1,5	2.400
Karlar <i>Males</i>	7,1	4,3	5,9	5,9	7,9	6,4	± 2,3	1.600
Konur <i>Females</i>	4,5	4,1	5,0	5,6	5,3	3,3	± 1,4	800
<b>65 og eldri <i>and over</i></b>								
Alls <i>Total</i>	9,2	11,8	15,1	15,0	12,4	4,6	± 1,7	1.600
Karlar <i>Males</i>	8,6	10,0	11,0	9,5	6,1	2,5	± 1,8	400
Konur <i>Females</i>	9,8	13,5	18,8	19,7	17,9	6,5	± 2,8	1.200
<b>18 og eldri <i>and over</i></b>								
Alls <i>Total</i>	9,8	9,4	9,4	9,4	9,9	10,5	± 1,4	28.200
Karlar <i>Males</i>	10,0	9,0	8,9	9,5	9,6	10,8	± 1,5	14.600
Konur <i>Females</i>	9,6	9,8	10,0	9,4	10,1	10,2	± 1,6	13.700
<b>18–64 ára <i>years</i></b>								
Alls <i>Total</i>	9,6	8,4	8,4	8,7	9,9	9,6	± 1,2	17.600
Karlar <i>Males</i>	9,6	7,9	8,0	9,0	9,8	10,0	± 1,5	9.200
Konur <i>Females</i>	9,6	8,9	8,8	8,4	9,9	9,1	± 1,4	8.400
<b>0–64 ára <i>years</i></b>								
Alls <i>Total</i>	9,6	8,9	9,4	9,7	10,2	8,8	± 1	19.200
Karlar <i>Males</i>	9,5	8,2	8,4	9,1	9,3	8,9	± 1,3	9.600
Konur <i>Females</i>	9,6	9,6	10,5	10,2	11,3	8,7	± 1,3	9.600

**Skýringar** *Notes:* Sjá töflu 2. *Cf. table 2.*

*Konur á aldrinum 18-24 eru líklegastar til að lenda fyrir neðan lágtekjumörk þegar litið er til aldurs og kyns.*

Þegar litið er til kyns og aldurs eru konur 18–24 ára sá hópur sem hefur mesta tilhneigingu til að lenda fyrir neðan lágtekjumörk árið 2010 eða 19,0%. Hlutfall þeirra sem var undir lágtekjumörkum var lægst í elstu hópunum, 50–64, 4,8% og 65 ára og eldri, 4,6%.

Þegar ellilífeyrir, örorkubætur og ekknabætur eru taldar með ráðstöfunartekjum (tafla 7) en aðrar félagslegar greiðslur undanskildar (skýring 3) voru 23,1% undir lágtekjumörkum. Í elsta hópnum, 65 ára og eldri, voru 10,2% fyrir neðan lágtekjumörk.

**Tafla 7. Lágtekjuhlutfall að meðöldum ellilífeyri, örorkubótum og ekknabótum en án annarra félagslegra greiðslna**

Table 7. *At-risk-of-poverty rate before social transfers except old-age and survivors benefits*

	Hlutfall <i>Rate</i>						2010	
	2005	2006	2007	2008	2009	2010	Vik- mörk <i>CI</i>	Áætlaður fjöldi Esti- mated <i>number</i>
<b>Allur aldur <i>All ages</i></b>								
Alls <i>Total</i>	19,5	18,5	18,2	19,0	19,7	23,1	± 1,7	70.200
Karlar <i>Males</i>	19,4	17,6	16,9	18,4	18,5	22,2	± 1,9	33.700
Konur <i>Females</i>	19,6	19,3	19,4	19,7	20,9	24,0	± 2,0	36.500
<b>0–17 ára <i>years</i></b>								
Alls <i>Total</i>	23,4	22,8	23,1	24,6	24,9	30,1	± 3,0	25.400
Karlar <i>Males</i>	24,4	23,4	23,1	25,8	25,1	30,3	± 3,6	13.000
Konur <i>Females</i>	22,4	22,3	23,2	23,4	24,6	29,8	± 3,7	12.400
<b>18 og eldri <i>and over</i></b>								
Alls <i>Total</i>	18,0	16,8	16,4	17,1	17,9	20,5	± 1,5	44.800
Karlar <i>Males</i>	17,4	15,5	14,7	15,7	16,2	19,0	± 1,7	20.700
Konur <i>Females</i>	18,5	18,2	18,1	18,4	19,7	21,9	± 1,8	24.100
<b>18–64 ára <i>years</i></b>								
Alls <i>Total</i>	18,7	16,7	15,7	16,5	18,2	22,4	± 1,7	41.300
Karlar <i>Males</i>	18,2	15,4	14,4	15,9	17,1	20,9	± 1,9	19.400
Konur <i>Females</i>	19,3	18,0	17,0	17,2	19,3	23,8	± 2,0	22.000
<b>65 og eldri <i>and over</i></b>								
Alls <i>Total</i>	13,8	17,6	20,5	20,1	16,7	10,2	± 2,5	3.500
Karlar <i>Males</i>	12,8	15,7	16,4	14,9	11,1	8,1	± 3,0	1.300
Konur <i>Females</i>	14,8	19,3	24,1	24,6	21,7	12,0	± 3,4	2.200

Skýringar *Notes*: Sjá töflu 2. *Cf. table 2.*

Greiðslur úr félagslega kerfinu skipta miklu máli fyrir elsta aldurshópinn.

Þegar öllum félagslegum greiðslum er sleppt sést veruleg breyting á högum elsta aldurs-  
hópsins, því að 71,6% af þeim sem voru 65 ára og eldri falla þá undir lágtekjumörkin  
árið 2010. Greiðslur úr almannatrygginga- og lífeyrissjóðakerfinu skipta því verulegu  
máli fyrir þennan aldurshóp.

**Tafla 8. Lágtekjuhluutfall þegar öllum félagslegum greiðslum er sleppt**

Table 8. *At-risk-of-poverty rate before social transfers*

	Hlutfall <i>Rate</i>						2010	
	2005	2006	2007	2008	2009	2010	Vik- mörk <i>CI</i>	Áætlaður fjöldi Esti- mated <i>number</i>
<b>Allur aldur <i>All ages</i></b>								
Alls <i>Total</i>	28,4	27,0	26,2	26,9	27,4	32,9	± 1,8	99.700
Karlar <i>Males</i>	27,3	25,5	24,1	25,5	25,4	31,0	± 2,0	47.000
Konur <i>Females</i>	29,4	28,6	28,3	28,3	29,4	34,7	± 2,1	52.700
<b>0–17 ára <i>years</i></b>								
Alls <i>Total</i>	24,5	24,3	24,1	25,5	25,6	32,6	± 3,1	27.600
Karlar <i>Males</i>	25,6	24,8	24,1	26,5	25,8	33,4	± 3,7	14.300
Konur <i>Females</i>	23,3	23,8	24,1	24,4	25,3	31,9	± 3,8	13.200
<b>18 og eldri <i>and over</i></b>								
Alls <i>Total</i>	29,9	28,1	26,9	27,4	28,0	33,0	± 1,7	72.200
Karlar <i>Males</i>	28,0	25,8	24,1	25,1	25,2	30,1	± 1,9	32.700
Konur <i>Females</i>	31,7	30,4	29,8	29,6	30,8	35,8	± 2,0	39.500
<b>18–64 ára <i>years</i></b>								
Alls <i>Total</i>	20,6	18,6	17,4	18,3	20,0	25,8	± 1,7	47.600
Karlar <i>Males</i>	19,9	17,2	15,7	17,3	18,5	23,9	± 2,0	22.200
Konur <i>Females</i>	21,4	20,0	19,1	19,3	21,7	27,6	± 2,1	25.400
<b>65 og eldri <i>and over</i></b>								
Alls <i>Total</i>	81,2	81,0	80,0	78,4	71,6	71,6	± 3,7	24.600
Karlar <i>Males</i>	76,8	76,2	74,6	74,0	65,4	65,4	± 4,7	10.500
Konur <i>Females</i>	85,0	85,4	84,7	82,2	77,0	77,2	± 3,9	14.100

Skýringar *Notes*: Sjá töflu 2. *Cf. table 2.*

Peir sem eru án vinnu eru líklegri en aðrir til að lenda fyrir neðan lágtekjumörk.

Hlutfall fólks undir lágtekjumörkum var 13,5% meðal þeirra sem ekki voru í vinnu en 6,6% meðal starfandi fólks. Meðal atvinnulausra voru 25,2% fyrir neðan lágtekjumörk.

**Tafla 9. Lágtekjuhlutfall eftir stöðu á vinnumarkaði og kyni**

Table 9. *At-risk-of-poverty rate by most frequent activity status and gender*

	Hlutfall Rate						2010	
	2005	2006	2007	2008	2009	2010	Vik- mörk CI	Áætlaður fjöldi Esti- mated number
<b>Heildarfjöldi Total</b>								
Alls Total	9,4	8,8	9,3	9,5	9,9	8,6	± 1,0	18.200
Karlar Males	9,3	8,2	8,4	9,0	8,8	8,6	± 1,3	9.100
Konur Females	9,5	9,5	10,3	10,1	11,1	8,6	± 1,3	9.200
<b>Starfandi Employed</b>								
Alls Total	7,9	6,6	7,0	6,7	7,7	6,6	± 1,1	10.100
Karlar Males	8,5	6,9	6,9	6,9	7,4	6,7	± 1,3	5.200
Konur Females	7,3	6,2	7,1	6,4	8,0	6,6	± 1,4	4.900
<b>Ekki í vinnu Not at work</b>								
Alls Total	14,0	16,2	17,2	18,9	17,4	13,5	± 2,2	8.100
Karlar Males	12,7	14,0	15,3	18,1	14,7	14,0	± 3,2	3.800
Konur Females	14,9	17,6	18,5	19,5	19,4	13,2	± 2,7	4.300
<b>Atvinnulausir Unemployed</b>								
Alls Total	26,1	13,8	20,6	25,1	29,3	25,2	± 6,6	2.600
Karlar Males	15,2	16,8	8,0	27,2	31,6	26,2	± 8,5	1.600
Konur Females	34,9	11,0	28,7	22,0	26,6	23,9	± 9,9	1.000
<b>Á eftirlaunum Retired</b>								
Alls Total	10,2	13,5	18,8	17,9	14,8	5,9	± 2,6	1.200
Karlar Males	8,7	11,2	13,3	11,5	6,7	1,0	± 1,5	100
Konur Females	11,4	15,4	23,2	22,6	20,7	9,9	± 4,4	1.100
<b>Aðrir utan vinnu Other inactive</b>								
Alls Total	16,6	18,7	15,5	19,5	18,5	14,5	± 3,1	4.400
Karlar Males	16,7	17,2	18,2	24,5	19,8	17,1	± 5,1	2.200
Konur Females	16,5	19,5	14,1	16,4	17,5	12,6	± 3,5	2.200

Skýringar Notes: Sjá töflu 2. Cf. table 2.

**Tafla 10. Lágtekjuhluftfall eftir vinnuhluftfalli á heimili**Table 10. *At-risk-of-poverty rate by work intensity of the household*

	Hluftfall <i>Rate</i>						2010	
	2005	2006	2007	2008	2009	2010	Vik- mörk <i>CI</i>	Áætlaður fjöldi Esti- mated <i>number</i>
<b>Heimili án barna</b>								
<b>Households without children</b>								
0%	16,1	11,5	20,9	23,1	25,1	17,2	± 7,9	1.200
1%–99%	14,6	10,0	9,9	15,2	16,9	14,6	± 4	3.800
100%	8,0	4,5	4,9	4,8	6,7	4,5	± 1,8	1.900
<b>Heimili með börnum</b>								
<b>Households with children</b>								
0%	17,2	38,2	25,3	25,5	21,2	36,4	± 15,6	2.200
1%–49%	24,8	48,5	31,1	44,1	41,3	33,0	± 13	2.700
50%–99%	10,1	12,4	13,2	12,2	13,7	13,7	± 3,3	8.900
100%	7,1	7,0	6,8	6,6	4,9	5,0	± 1,6	5.900

Skýringar Notes: Sjá töflu 2. Cf. table 2.

Vinnuhluftfall heimilis hefur mikil áhrif á það hvort einstaklingarnir sem þar búa lendi undir lágtekjumörkum

Tafla 10 sýnir heimili greind eftir vinnuhluftfalli. Vinnuhluftfallið er reiknað þannig að fjölda mánaða innan ársins sem fullorðnir einstaklingar á hverju heimili voru í vinnu er deilt með 12 eða heildarfjölda mánaða hvers árs. Sem dæmi má nefna heimili með tveimur fullorðnum einstaklingum (skýring 8). Ef báðir voru í vinnu 12 mánuði ársins þá er hluftfallið  $(12+12) / (12+12) \times 100$  eða 100%. Ef annar einstaklingurinn hefur verið án vinnu helming ársins en hinn vinnandi allt árið þá er hluftfallið  $(6 + 12) / (12 + 12) \times 100 = 75\%$ .

Vinnuhluftfall á heimili er greint eftir því hvort börn eru á heimilinu eða ekki. Ef litið er á heimili án barna kemur í ljós að eftir því sem vinnuhluftfallið er lægra þeim mun líklegra er að heimilið lendi fyrir neðan lágtekjumörk.

**Tafla 11. Lágtekjuhluftfall eftir fullu starfi eða hlutastarfi og kyni**Table 11. *At-risk-of-poverty rate by full time or part time work and gender*

	Hlutfall <i>Rate</i>						2010	
	2005	2006	2007	2008	2009	2010	Vik- mörk <i>CI</i>	Áætlaður fjöldi Esti- mated <i>number</i>
<b>Heildarfjöldi <i>Total</i></b>								
Alls <i>Total</i>	7,2	5,9	6,0	5,5	6,2	4,6	± 0,9	5.900
Karlar <i>Males</i>	7,7	6,6	6,3	5,9	6,1	5,2	± 1,2	3.600
Konur <i>Females</i>	6,5	5,0	5,6	4,9	6,3	3,8	± 1,1	2.300
<b>Fullt starf <i>Full-time</i></b>								
Alls <i>Total</i>	6,6	5,7	6,0	5,2	5,8	4,2	± 0,9	4.600
Karlar <i>Males</i>	7,1	6,5	6,3	5,8	5,2	5,0	± 1,3	3.200
Konur <i>Females</i>	5,7	4,4	5,5	4,4	6,5	3,0	± 1,1	1.400
<b>Hlutastarf <i>Part-time</i></b>								
Alls <i>Total</i>	9,3	7,1	6,3	7,1	8,9	7,0	± 2,6	1.300
Karlar <i>Males</i>	13,6	8,3	7,7	8,8	18,7	8,5	± 6,4	400
Konur <i>Females</i>	8,1	6,8	6,0	6,7	5,6	6,5	± 2,8	900

Skýringar *Notes: Sjá töflu 2. Cf. table 2.*

*Karlar í hlutastarfi eru líklegri en konur í hlutastarfi til að lenda fyrir neðan lágtekjumörkin*

Þegar fólk í hlutastarfi og fólk í fullu starfi er skoðað sést að karlar í hlutastarfi eru líklegri en konur í hlutastarfi til að lenda fyrir neðan lágtekjumörk. Þetta á við um allt tímabilið frá 2005 til 2010.

Tölurnar í töflum 9 og 11 eru í samræmi við skilgreiningar Evrópusambandsins. Ekki er fullkomið samræmi í tölum taflanna og skýrist það af því að skilgreiningarnar á hugtakinu starfandi eru ólíkar í töflunum. Í töflu 9 eru starfandi þeir sem eru 18 ára og eldri og segjast hafa verið meira en helming ársins í fullu starfi eða hlutastarfi. Í töflu 11 eru í fullu starfi þeir sem líta aðallega á sig sem starfandi í fullu starfi á þeim tíma sem viðtalið var tekið, í fyrri hluta könnunarárs. Í hlutastarfi eru þeir sem líta aðallega á sig sem starfandi í hlutastarfi á þeim tímabili sem viðtalið var tekið.

**Tafla 12. Lágtekjuhlutfall starfandi eftir menntun og kyni**Table 12. *At-risk-of-poverty rate of employed by education and gender*

	Hlutfall Rate						2010	
	2005	2006	2007	2008	2009	2010	Vik- mörk CI	Áætlaður fjöldi Esti- mated number
<b>Heildarfjöldi Total</b>								
Alls Total	7,9	6,5	6,9	6,7	7,6	6,7	± 1,1	10.100
Karlar Males	8,5	6,9	6,8	6,9	7,3	6,7	± 1,3	5.200
Konur Females	7,3	6,1	7,0	6,5	8,0	6,6	± 1,4	4.900
<b>Grunnskóli Primary education</b>								
